

Hverfisnefnd Brekkuskólahverfis

Íbúafundur um fyrirhugaðar breytingar á Sundlaugarsvæðinu

fimmtudagur 23. nóvember, kl. 20-22

í Brekkuskóla

Á fundinn voru mættir tveir fulltrúar úr meirihluta bæjarstjórnar Akureyrar, tveir starfsmenn arkitektastofunnar Kollgátu, fulltrúar úr stjórn Sundfélagsins Óðins, nokkrir íbúar hverfisins auk hverfisnefndarinnar.

Fundarstjóri: Hjörleifur Hallgríms

Fundarritari: Kristín Kjartansdóttir

Logi Már frá Kollgátu kynnti teikningar af fyrirhugaðri byggingu Vaxtaræktarinnar á Sundlaugarsvæðinu, eins og þær voru lagðar fram í bæjarkerfinu í september sl. Logi tók fram að byggingin gæti stuðlað að betri nýtingu á svæðinu, gerði það enn fjölskylduvænna, þar sem við bætist kaffihús og barnapössun Vaxtaræktarinnar, sem sundlaugargestir geta þá einnig nýtt sér.

Eftir kynningu Loga Márs, kynntu bæjarfulltrúarnir Sigrún Björk og Hermann Jón aðkomu sína að málinu og fóru svo af stað líflegar umræður um málið. Ýmis sjónarhorn komu fram í sambandi við fyrirhugaða byggingu og áhrif þeirrar framkvæmdar á nærliggjandi svæði og aðra starfsemi á svæðinu, en einnig um svæðið í heild sinni, tengingu þess við Brekkuskólasvæðið, Andapollinn og tjaldstæðið. Fram kom að ekki er ljóst hvar koma eigi niður 50m yfirbyggðri keppnislaug fyrir Sundfélagið, hvort hún verði þá byggð annars staðar í bænum. Einnig kom fram að um þetta hefur ekki náðst sátt. Verið er að endurskoða hugmyndir fyrir svæðið í kringum Brekkuskóla í heild upp að Þórunnarstræti og eiga þær hugmyndir að liggja fyrir í lok þessa mánaðar. Einnig var rætt um formlegt ferli málsins í bæjarkerfinu og lýstu nokkrir fundarmanna yfir óánægju sinni með vinnulag bæjaryfirvalda í þessu máli. Nokkrir fundarmanna stungu því að bæjarfulltrúunum að skoða þurfi þessar breytingar enn betur, ræða þær til hlítar og við þá aðila sem eiga hlut að og ná þar sáttum, að standa þurfi að betri kynningu á þessum fyrirhuguðu breytingum, enda um menningarlega mikilvægt svæði og verðmæta lóð að ræða. Einnig þurfi að skoða betur, hvort yfirhöfuð verði byggt á þessari lóð á komandi árum.

Fundi slitið